

Nd.

125. Nefndarátt

um frv. til laga um viðauka við lög nr. 79, 14. nóv. 1917, um samþyktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum.

Frá allsherjarnefnd.

Eins og greinargerð frv. ber með sjer, var það samþykt í neðri deild á síðasta Alþingi, en felt í efri deild frá 2. umræðu. Málið var þá athugað allrækilega í allsherjarnefnd neðri deildar og gerðar við það litilsháttar breytingartillögur. Fjelst deildin á þær tillögur, og er frv. nú samhljóða því, sem þá var samþykt.

Í nefndarálti allsherjarnefndar í fyrra segir svo um málið:

»Nefndin leitaði umsagnar borgarstjórans í Reykjavík um þetta mál, og hefir hann í brjefi 7. apríl síðastl. mælt með frv. og telur »rjett, að bæjarstjórnin fái heimild til að setja reglugerð um lokunartíma rakarastofa og annara vinnustofa, þar sem einhver viðskifti við almenning fara fram«, en jafnframt óskar borgarstjóri eftir frekari heimild til að ákveða »lokunartíma útsölustaða fyrir innlendan varning«, og nefnir þar sjerstaklega til konfektbúðir.

Nefndin hefir athugað málið, og vill hún taka hvorttveggja til greina,

það sem felst í frv. og hitt, sem kemur fram í áðurnefndu brjefi borgarstjórans í Reykjavík.

Frumvarpið er nú eins og á síðasta þingi flutt eftir ósk »Rakaraflags Reykjavíkur«, en það hefir líka fengið meðmæli borgarstjórans í Reykjavík, eins og hjer segir að framan. Komið hafa fram mótmæli gegn málinu frá nokkrum rökurum hjer í bæ, sem standa utan við fjelagsskap rakara. En eins og frumvarpið ber með sjer, er þar að eins farið fram á að fá heimild fyrir bæjarstjórnir í kaupstöðum til að gera samþyktir um lokunartíma sölubúða og vinnustofa, sem lög nr. 79 frá 14. nóv. 1917 ekki taka til. Spurningin er því að eins um það, hvort beri að samþykkja þessa auknu heimild eða eigi, en ekki um það, hvort t. d. rakarastofur megi vera opnar í 11—14 klukkutíma á sólarhring eða lengur, eða konfektbúðir lengur opnar á kvöldum en aðrar sölubúðir. En það verður að telja í fullu samræmi við það, sem áður hefir verið gert í málinu, að bæjarstjórnirnar fái heimild til að setja reglur um lokunartíma sölubúða og vinnustofa þeirra, sem hjer um ræðir, eins og um lokunartíma sölubúða kaupmanna.

Þær sölubúðir og vinnustofur, sem í Reykjavík einni mundu falla undir ákvæði frv., eru sjálfsagt nokkuð á annað hundrað. Og sýnist það í alla staði eðlilegt, að kaupstaðarstjórnir fái heimild til að setja reglur um slíka starfsemi, sem þær álita að hentugast sje íbúunum á hverjum stað. Enda mundi þeim alls ekki haldast uppi að gera samþyktir í þessu efni, sem algerlega brjóta í bág við hagsmuni almennings.

Að þessu athuguðu leggur meiri hluti allsherjarnefndar það til, að frumvarpið verði samþykt óbreytt.

Þess skal getið, að nefndin hefir fundið 3 villur í frv., sem annaðhvort eru misritanir eða prentvillur. Í fyrirsögn frv. og í 1. málsgrein 1. greinar er vitnað í lög nr. »29«, en á að vera 79 á báðum stöðum.

Fyrsta orðið í 2. málsgrein 1. greinar á að vera enn, en ekki »eins«, svo sem í frv. stendur.

Teljum vjer, að þetta mætti laga í uppprentun frv. milli umræðna.

Tveir nefndarmenn, Magnús Torfason, 1. þm. Árn., og Jón Kjartansson, þm. V.-Sk., áskilja sjer óbundið atkvæði um málið.

Alþingi, 4. mars 1925.

Magnús Torfason,
form.

Jón Baldvinsson,
fundaskrifari og framsögum.

Jón Kjartansson,
með fyrirvara.

Árni Jónsson.

Bernharð Stefánsson.